6. september 2019

# Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2020

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

6. september 2019

# Staða og horfur í efnahagsmálum

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Hagsæld hefur aukist hratt

## Mun meiri hagvöxtur á mann en í viðskiptalöndum undanfarin ár




Heimild: Eurostat, Seðlabanki Bandaríkjanna

# Útlit fyrir neikvæðan hagvöxt í ár

## Gert er ráð fyrir að samdrátturinn verði lítill og skammvinnur




Heimild: Hagstofa Íslands

# Hærri ráðstöfunartekjur allra aldurshópa

## Ráðstöfunartekjur á mánuði 2013 og 2018 á verðlagi ársins 2018




Heimild: Hagstofa Íslands

# Laun hafa hækkað ört

## Samspil launahækkana og lágrar verðbólgu skilar meiri kaupmætti




Heimild: Hagstofa Íslands

# Mikill þjóðhagslegur sparnaður

## Mikill sparnaður undanfarin ár eykur þrótt efnahagslífsins




Heimild: Hagstofa Íslands

# Ferðaþjónusta heldur velli
## Þróttur greinarinnar meiri en fækkun ferðamanna gefur til kynna




Heimild: Hagstofa Íslands, Mælaborð ferðaþjónustunnar

# Vaxtakostnaður heimila lækkar

## Ábyrgir kjarasamningar hafa skapað grundvöll til vaxtalækkana




Heimild: Seðlabanki Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytið. Meðaltal lægstu vaxta hjá Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankanum.

# Opinber fjárfesting vex

## Vegur á móti samdrætti í fjárfestingu atvinnuvega




Heimild: Hagstofa Íslands. Leiðrétt fyrir tilfærslu Hvalfjarðarganga til ríkisins 2018.

# Skuldir ríkissjóðs hafa lækkað verulega

## Hagvöxtur, afkoma ríkissjóðs og stöðugleikaframlög gegna lykilhlutverki




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands

# Horfur í heimshagkerfinu hafa versnað
## OECD hefur lækkað hagvaxtarspár og áhættan er enn niður á við







Heimild: OECD

6. september 2019

# Markmið í ríkisfjármálum og afkomuhorfur ríkissjóðs

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Meginmarkmið í ríkisfjármálum 2020

Markmið um að rekstur ríkissjóðs verði í jafnvægi árið 2020 þrátt fyrir framleiðslutap á árinu 2019.

Bætt skuldastaða ríkissjóðs veigamikill þáttur í að auka sjálfbærni ríkisfjármála.

Stuðlað er að efnahagslegum stöðugleika með því að draga úr afgangi á heildarafkomu ríkissjóðs fyrir árið 2020 frá því sem áður var gert ráð fyrir

# Fjármálastefna fyrir árin 2018-2022

## Endurskoðuð fjármálastefna í júní 2019

| Hlutfall af vergri landsframleiðslu | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hið opinbera, A-hluti: | % | % | % | % | % |
| Heildarafkoma | 1,4 | -0,8 | -0,8 | -0,8 | -0,5 |
| þ.a. ríkissjóður, A-hluta | 1,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,3 |
| þ.a. sveitarfélög, A-hluta | 0,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| óvissusvigrúm | - | -0,8 | -0,8 | -0,8 | -0,8 |
| Heildarskuldir | 33,8 | 30,0 | 29,5 | 29,0 | 28,5 |
| þ.a. ríkissjóður, A-hluta | 27,5 | 23,4 | 23,1 | 22,7 | 22,4 |
| þ.a. sveitarfélög, A-hluta | 6,3 | 6,6 | 6,4 | 6,3 | 6,1 |
| Opinberir aðilar í heild (ríki, sveitarfélög og fyrirtæki þeirra): | | | | | |
| Heildarafkoma | 2,9 | 0,0 | 0,2 | 0,4 | 1,0 |
| Heildarskuldir | 59,8 | 54,0 | 51,5 | 50,0 | 48,5 |

# Svigrúm til að mæta hægari hagvexti

## Afgangur á frumjöfnuði ríkissjóðs




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Fjármálaáætlun 2020-2024

## Stefnumið og helstu niðurstöður ríkisfjármálaáætlunar

| Þáttur | Stefnumið og helstu niðurstöður |
|---|---|
| Afkoma | Stefnt er að því að afkoma ríkissjóðs verði jákvæð á tímabilinu og fari vaxandi eftir 2022, en hún verður þó í járnum árin 2020 og 2021. Gert er ráð fyrir að afkoman verði komin í 0,4% af VLF árið 2024. |
| Tekjur | Heildartekjur sem hlutfall af VLF fara lækkandi út tímabilið sem skýrist einkum af áhrifum skattbreytinga, sérílagi breytinga á tekjuskatti einstaklinga. |
| Gjöld | Heildargjöld fara einnig lækkandi út tímabilið sem hlutfall af VLF. Þau munu lækka meira en tekjur eftir 2021 sem leiðir til betri afkomu ríkissjóðs á síðari hluta tímabilsins. |
| Fjárfesting | Gert er ráð fyrir að fjárfestingarstig ríkissjóðs aukist talsvert árin 2020 og 2021 og verði 2,5% og 2,6% af VLF en fari síðan lækkandi út tímabilið. Þetta er í samræmi við stefnumið ríkisstjórnarinnar um mótvægisaðgerðir vegna samdráttar í hagkerfinu. |
| Skuldir | Skuldir: Niðurgreiðsla skulda hefur verið hröð á síðustu árum. Fjármálaáætlun gerir ráð fyrir að heildarskuldir muni halda áfram að lækka sem hlutfall af VLF yfir tímabilið. |

# Áætluð afkoma ríkissjóðs árið 2020

## Áætluð heildarafkoma í jafnvægi



# Stefnt er að jöfnuði í ríkisfjármálum 2020

## Frumjöfnuður og heildarjöfnuður, % af VLF



# Afkoma ríkissjóðs 2020

## Lykiltölur

| Þjóðhagsgrunnur | Frumvarp 2020 ma.kr. | Frumvarp 2020 % af VLF |
|---|---|---|
| Frumtekjur | 910,1 | 29,6 |
| Frumgjöld | 861,7 | 28,1 |
| **Frumjöfnuður** | **48,4** | **1,6** |
| Vaxtatekjur | 9,3 | 0,3 |
| Vaxtagjöld | 57,4 | 1,9 |
| þ.a. vaxtagjöld af lánum | 36,2 | 1,2 |
| þ.a. verðbætur | 8,4 | 0,3 |
| þ.a. reiknaðir vextir á ófjárm. lífeyrisskuldb. | 12,8 | 0,4 |
| **Vaxtajöfnuður (vaxtagjöld umfram vaxtatekjur)** | **-48,0** | **-1,6** |
| Heildartekjur | 919,5 | 30,0 |
| Heildargjöld | 919,1 | 29,9 |
| **Heildarjöfnuður** | **0,4** | **0,0** |

# Afkoma ríkissjóðs 2020

## Samanburður við fjármálaáætlun

| Þjóðhagsgrunnur | Fjármála-áætlun 2020 (ma.kr.) | Frumvarp 2020 (ma.kr.) | br. | Fjármála-áætlun 2020 (% af VLF) | Frumvarp 2020 (% af VLF) | br. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Frumtekjur | 909,9 | 910,1 | 0,2 | 29,6 | 29,6 | 0,0 |
| Frumgjöld | 861,0 | 861,7 | 0,7 | 28,0 | 28,1 | 0,0 |
| Frumjöfnuður | 48,9 | 48,4 | -0,5 | 1,6 | 1,6 | 0,0 |
| Vaxtatekjur | 9,3 | 9,3 | 0,0 | 0,3 | 0,3 | 0,0 |
| Vaxtagjöld | 57,4 | 57,4 | 0,0 | 1,9 | 1,9 | 0,0 |
| Vaxtajöfnuður | -48,1 | -48,0 | 0,1 | -1,6 | -1,6 | 0,0 |
| Heildartekjur | 919,2 | 919,5 | 0,3 | 29,9 | 30,0 | 0,0 |
| Heildargjöld | 918,4 | 919,1 | 0,7 | 29,9 | 29,9 | 0,0 |
| Heildarjöfnuður | 0,8 | 0,4 | -0,4 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |

# Frumjöfnuður hins opinbera 2018

## Ísland og ESB




Heimild: Eurostat

# Skuldir ríkissjóðs innan marka skuldastefnu



# Tilfærslur vaxandi hluti frumgjalda*

## Þróun innbyrðis skiptingar á árunum 1998 – 2020




* hagræn skipting á þjóðhagsgrunni

6. september 2019

# Tekjur ríkissjóðs

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Skatttekjur og tryggingagjald – endurmat

- Vegna lakari efnahagshorfa gengur fjármálaáætlun 2020–2024 út frá að tekjur ársins 2019 verði 22 ma.kr. lægri en í gildandi fjárlögum
- Sú áætlun liggur til grundvallar tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2020
- Tekjuáætlunin verður uppfærð í meðförum þingsins
- Byggt verður á nýrri þjóðhagsspá og öðrum nýjum upplýsingum til að nálgast sem raunhæfast mat á skattstofnum ársins 2020

# Tekjuáætlun 2020

## Breytingar frá framlagðri fjármálaáætlun



# Tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 919 ma.kr.

## Samsetning tekna árið 2020



# Skattabreytingar 2020

- Umtalsverð lækkun tekjuskatts einstaklinga í samræmi við stjórnarsáttmála sem kynntar voru í tengslum við Lífskjarasamningana
- Áframhaldandi lækkun trygginga-gjalds hefur nú þegar verið lögfest
- Grænir skattar og skattaívilnanir styðja við loftslagsmarkmið
- Skatteftirlit eflt

# Áhrif tekjuskattsbreytinga

## Ráðstöfunartekjur munu hækka með breytingunum – mest hjá fullvinnandi lágtekjufólki




Meðalskattbyrði reiknuð á hvert 16.667 kr. tekjubil (stofn á mánuði).
Heimild: Álagningarskrá ríkisskattstjóra 2018 og útreikningar fjármála- og efnahagsráðuneytis

# Heildarábati eftir tekjubilum

## Krónutöluábati af tekjuskattsbreytingunum skilar sér að mestu leyti til lágtekju- og lægri millitekjuhópa




Heildarálögur reiknaðar á hvert 50.000 kr. tekjubil (stofn á mánuði).
Heimild: Álagningarskrá ríkisskattstjóra 2018 og útreikningar fjármála- og efnahagsráðuneytis

# Tekjuskattsbreytingar 2020 og 2021

- Þriggja þrepa kerfi tekið upp
  - Nýtt grunnþrep verður lægra en núgildandi grunnþrep
  - Nýtt miðþrep verður hærra en núgildandi grunnþrep
  - Efsta þrep verður óbreytt

- Skattleysismörk haldast óbreytt að raunvirði gegnum lækkun persónuafsláttar
- Þrepamörk haldast einnig óbreytt að raunvirði
- Eftir 2021 verður viðmiðið verðbólga og framleiðni vinnuafls

# Nýtt skattkerfi í hnotskurn að lokinni innleiðingu 2021

- Þrep 1. Skatthlutfall 31,44%
  þ.a. tekjuskattur 17,0% og meðalútsvar 14,44%.
- Þrep 2. Skatthlutfall 37,94%
  þ.a. tekjuskattur 23,5% og meðalútsvar 14,44%.
- Þrep 3. Skatthlutfall 46,24%
  þ.a. tekjuskattur 31,8% og meðalútsvar 14,44%.

- Persónuafsláttur: 51.265 kr. á mánuði eða 615.183 kr. á ári*.
- Skattleysismörk: 163.057 kr. á mánuði* m.v. frádrátt 4% lífeyrisiðgjalda
- Neðri þrepamörk: 352.379 kr./mán. (stofn)
- Efri þrepamörk: 989.283 kr./mán. (stofn)

# Stuðningur við orkuskipti í samgöngum

- 100% endurgreiðsla á VSK vegna kaupa á heimahleðslustöðvum
- 100% endurgreiðsla á VSK vegna vinnu við uppsetningu á heimahleðslustöðvum
- Útleiga vistvænna bifreiða undanþegin VSK

# Grænir skattar

- Skattur á urðun úrgangs er til þess fallinn að hvetja til endurnota og endurvinnslu
  - Lagður á rekstraraðila urðunarstaða
  - Lagður á hvert kíló af urðuðum úrgangi
    - Almennur úrgangur: 7,5 kr./kg
    - Óvirkur úrgangur: 0,25 kr./kg

- Skattur á flúoraðar gróðurhúsa-lofttegundir (F-gös) er til þess fallinn að hvetja til nota á umhverfisvænni lausnum
  - Lagður á við innflutning F-gasa
  - Lagður á hvert kíló af F-gösum
    - Er skv. gjaldskrá en aldrei hærri en 5.000 kr./kg

*Á síðara ári innleiðingar (2021) tvöfaldast þessar fjárhæðir.*

6. september 2019

# Útgjöld ríkissjóðs

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Helstu áhersluverkefni á útgjaldahlið á árinu 2020

Uppbygging innviða og efling velferðarþjónustu er í forgangi í frumvarpinu

- Aukin framlög til byggingar og reksturs nýrra hjúkrunarheimila.
- Bygging nýs Landspítala.
- Enn frekari aukning framlaga til vegaframkvæmda.

Í tengslum við Lífskjarasamninga eru auknir fjármunir settir til:

- stofnframlaga til bygginga eða kaupa á almennum íbúðum
- barnabóta
- lengingar fæðingarorlofs

# Helstu áhersluverkefni á útgjaldahlið á árinu 2020

Stutt er við **orkuskipti í samgöngum** með auknum framlögum auk þess sem flutnings- og dreifikerfi raforku er styrkt til að flýta **þrífösun rafmagns**.

Fjármagn tryggt til **byggingu Húss íslenskunnar**, **átak í nýliðun kennara** og aðgerðir til stuðnings **einkarekna fjölmiðla**.

Smíði **nýs hafrannsóknarskips** til eflingar haf- og matvælarannsókna.

Fjármagn tryggt til kaupa á nýjum **þyrlum fyrir Landhelgisgæsluna**

# Áhersluverkefni byggja á grunni fyrirliggjandi stefnu

Frumvarpið byggir á stefnumörkun ríkisstjórnarinnar sem lögð er til grundvallar fyrir árið 2020 í fjármálaáætlun 2020–2024 en mörg áhersluverkefni komu fyrst fram í fjármálaáætlun 2019–2023 og fjárlögum áranna 2018 og 2019 en þar má nefna:

- Styrking heilbrigðisþjónustunnar til að bæta þjónustu óháð efnahag og búsetu.
- Efling menntakerfisins, bæði á framhalds- og háskólastigi
- Aukin áhersla á nýsköpun og rannsóknir
- Átak í samgönguframkvæmdum
- Hækkun á frítekjumarki atvinnutekna aldraðra
- Efling ýmissa löggæslu- og landhelgisverkefna
- Aðgerðir á sviði umhverfismála
- Styrking heilsugæslunnar
- Aukin framlög til að draga úr tannlæknakostnaði aldraðra og öryrkja

# Heildarútgjöld ríkissjóðs eftir tilefnum

## Breytingar á milli áranna 2019 – 2020



# Skipting útgjalda ríkissjóðs árið 2020



# Breyting á rammasettum útgjöldum frá fjárlögum 2017 eftir málefnasviðum*




* Skv. IPSAS reikningsskilastaðli

# Í hvað fara skattarnir?

## Áætluð heildarútgjöld á hvern íbúa



# Útgjaldaþróun 2011-2020

## Rammasett útgjöld í m.kr. á verðlagi 2020




Útgjöld með atvinnuleysistryggingasjóði og án markaðsleigu

# Útgjöld til samgönguframkvæmda

## Viðhald og nýframkvæmdir - Verðlag 2020



# Útgjöld til menntamála
## án LÍN og án markaðsleigu



# Útgjöld til félags-, húsnæðis- og tryggingarmála

## Rammasett útgjöld í m.kr. á verðlagi 2020 (m. atvinnutryggingasjóði)



# Útgjöld til heilbrigðismála 2011-2020

## Heildarútgjöld í m.kr. á verðlagi 2020



6. september 2019

# Skuldastýring og lánsfjármögnun ríkissjóðs

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið




# Innlendar skuldir **85% af heild**

Innlendar skuldir námu 717 ma.kr. í lok árs 2018

Innlendar skuldir eru að stærstum hluta verðtryggð og óverðtryggð ríkisbréf

Verðtryggð lán eru um fjórðungur heildarskulda

Erlend lán nema um 124 ma.kr.




# Skuldir hins opinbera halda áfram að lækka

Skuldir hins opinbera fóru undir viðmið skuldareglu, sem segir að skuldir skulu vera undir 30% af VLF, í árslok 2018

Þær námu 65% af VLF árið 2009 en útlit er fyrir að þær verði rúmlega 28% af VLF í árslok 2020.

# Skuldir ríkissjóðs hafa lækkað verulega

## Hagvöxtur, afkoma ríkissjóðs og stöðugleikaframlög gegna lykilhlutverki




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands




# Skuldir hins opinbera eru lágar í samanburði við önnur Evrópuríki

Skuldir hins opinbera eru um 30 prósentustigum undir meðaltali annara Evrópuríkja sem stóð í 67% í árslok 2018 (miðgildi 61%).

# Uppkaup á evrubréfum og ný útgáfa

- Í júní gerði ríkissjóður tilboð í útistandandi fjárhæð skuldabréfa í evrum frá árinu 2014
- Alls tóku eigendur skuldabréfa að fjárhæð 8,5 ma.kr. tilboðinu
- Í kjölfarið gaf ríkissjóður út nýtt bréf til 5 ára – gjalddagi 2024
- Vextir skuldabréfsins eru þeir lægstu í sögu lýðveldisins – 0,1%

- Heildarskuldir ríkissjóðs hækka tímabundið en nettó skuldir óbreyttar
- Á næsta ári eru um 290 milljónir evra á gjalddaga – um 40 ma.kr. sem ekki er gert ráð fyrir að endurfjármagna
- Jákvæð áhrif á vaxtagjöld ríkissjóðs

# Erlend útgáfa ríkissjóðs

- Útgáfan í júní er í samræmi við langtímastefnu í lánamálum
- Miðað er við að viðhalda 1-2 viðmiðsútgáfum á hverjum tíma
- Stefnan er að tryggja aðgengi Íslands að alþjóða fjármagnsmörkuðum

- Mikilvægt fyrir aðra innlenda aðila sem sækja sér fjármagn á þann vettvang
- Eykur fjölbreytni í fjárfestahópi
- Líta má á sem “ódýra” tryggingu
- Tækifæri nú til að nýta hagstætt vaxtaumhverfi um þessar mundir




# Endurgreiðsluferill skulda ríkissjóðs

Leitast er við að hafa endurgreiðsluferilinn sem jafnastan

Gjalddögum ríkisskuldabréfa verður mætt að mestu leyti með jákvæðu sjóðstreymi

Gert er ráð fyrir endurfjármögnun evrubréfa árin 2022 og 2024




# Hrein staða efnahagsreiknings ríkissjóðs hefur batnað

Hrein staða ríkissjóðs hefur batnað hratt undanfarin ár

Hagvöxtur, afkoma ríkissjóðs og stöðugleikaframlög frá þrotabúum fjármálafyrirtækja hafa átt mestan þátt í batanum

Eigendur innlendra ríkisskuldabréfa um mitt ár 2019




# Lífeyrissjóðir eru stærstu eigendur innlendra ríkisskuldabréfa

Lífeyris-, verðbréfa-, og fjárfestingasjóðir eiga 57% af útistandandi innlendum ríkisskuldabréfum

Um 15% eru í eigu erlendra aðila.




# Samsetning vaxtagjalda hefur breyst mikið

Niðurgreiðsla skulda, endurfjármögnun og lægra vaxtastig

Meirihluti vaxtagjalda nú vegna ríkisskuldabréfa

Vaxtagjöld af erlendum lánum hafa lækkað mikið eftir endurfjármögnun á hagstæðari vöxtum




# Vaxtajöfnuður hefur batnað hratt

Lækkandi skuldir og betri vaxtakjör en áður hafa dregið úr neikvæðum vaxtajöfnuði

Vaxtajöfnuður batnar um 32 ma.kr. frá árinu 2013

Vaxtajöfnuður neikvæður um 26 ma.kr. (0,9% af VLF) árið 2020 og útlit fyrir að hann batni enn frekar á komandi árum




# Lækkun vaxta hefur skapað rými fyrir önnur útgjöld

Útlit fyrir að heildarvaxtagjöld árið 2020 verði innan við helmingur af því sem þau voru árið 2009 í krónum talið

Vaxtagjöld af lánum ríkissjóðs hafa lækkað um 49 ma.kr. á sama tímabili sem jafngildir lækkun úr 5,2% af VLF í 1,2%




# Vaxtatekjur

Vaxtatekjur hafa lækkað undanfarin ár

Innlent vaxtastig hefur lækkað sem hefur bein áhrif á vexti af skammtímakröfum

Bankainnstæður ríkissjóðs hafa lækkað á yfirstandandi ári og útlit er fyrir að þær lækki frekar á næsta ári




# Minnkandi áhætta af **ríkisábyrgðum**

Ríkisábyrgðir hafa lækkað úr 83% af VLF á árinu 2009 í 33% í lok fyrri helmings ársins 2019

941 ma.kr. útistandandi í lok fyrri helmings 2019

Ábyrgðir vegna Íbúðalánasjóðs nema 82% af heildar ríkisábyrgðum




# Forinngreiðslur hafa hægt á vexti lífeyrisskuldbindinga

Reglulegar og óreglulegar forinngreiðslur til B-deildar LSR hafa hægt á vexti ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga sem hafa lækkað í hlutfalli af VLF frá árinu 2016

# Lánshæfi ríkissjóðs

Vorið 2019 tók FJR við því hlutverki að vera í samskiptum við lánshæfismatsfyrirtæki frá Seðlabanka Íslands.

LT einkunnir ríkissjóðs hafa haldist óbreyttar í A-flokki á árinu hjá Moody´s, S&P og Fitch Ratings.

Fitch hækkaði ST einkunnir ríkissjóðs úr F1 í F1+ í maí vegna breyttrar aðferðafræði.

| | | Erlend mynt | Innlend mynt | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Langtíma (LT) | Skammtíma (ST) | Langtíma (LT) | Horfur |
| Fitch | júl.17 | A | F1+ | A | Stöðugar |
| Moody´s | júl.18 | A-3 | ... | A-3 | Jákvæðar |
| S&P | mar.17 | A | A-1 | A | Stöðugar |

# Bætt lánshæfi → Betri vaxtakjör

Ráðstafanir í efnahags- og ríkisfjármálum, stefnufesta, hröð niðurgreiðsla skulda og afnám gjaldeyrishafta, hafa átt sinn þátt í hagstæðri þróun lánshæfismats.

Bætt lánshæfi leiðir að óbreyttu til bættra vaxtakjara ríkissjóðs og innlendra aðila á erlendum fjármagnsmörkuðum.

Áfram verður unnið að því meginmarkmiði í skuldastýringu að lágmarka fjármagnskostnað ríkissjóðs og styrkja fjárhagsstöðu hans með niðurgreiðslu skulda, endurfjármögnun á hagstæðari kjörum og forgreiðslum inn á ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar.

# Vextir af lánum ríkissjóðs í þús. kr. á mann



6. september 2019

# Ítarefni: hugtök

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Fjárlaga- og áætlanaferli ríkissjóðs

**Fjármálastefna fyrir árin 2018-2022**
Lögð fram í desember 2017 – Samþykkt af Alþingi í mars 2018

**Fjármálaáætlun fyrir árin 2019-2023**
Lögð fram í apríl 2018 – Samþykkt í júní 2018

**Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2019**
Lagt fram í september 2019 – samþykkt í desember 2018

**Fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024**
Lögð fram í  mars 2019 – samþykkt í júní 2019

Breyting á fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022
Lögð fram í maí 2019 – samþykkt í júní 2019

**Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2020**
Lagt fram í september 2020

# Orðskýringar

| Hugtak | Lýsing |
| --- | --- |
| Heildarjöfnuður | Heildartekjur að frádregnum heildargjöldum |
| Vaxtajöfnuður | Vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum |
| Frumjöfnuður | Heildarjöfnuður að frádregnum vaxtajöfnuði |
| Fjárheimild | Tilgreind fjárhæð sem Alþingi hefur ákveðið að megi ráðstafa á tilteknu fjárlagaári til málefnasviða og málaflokka. |
| Fjárveiting | Tilgreind fjárhæð í fylgiriti með fjárlögum sem sýnir ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til stofnana og verkefna. |
| Málefnasvið | Svið eðlisskyldra málaflokka sem skilgreint er á grunni staðals Sameinuðu þjóðanna um flokkun gjalda. |
| Málaflokkur | Flokkun eðlisskyldra stjórnarmálefna sem falla undir tiltekið málefnasvið. |
| Fjármálastefna | Stefna ríkisstjórnar sem lögð er fram á Alþingi um almenn markmið í opinberum fjármálum til eigi skemmri tíma en fimm ára. |
| Fjármálaáætlun | Áætlun ríkisstjórnar sem lögð er fram á Alþingi hvert vor. Áætlunin felur í sér greiningu á stöðu efnahagsmála, markmið um þróun fjármála ríkis og sveitarfélaga, ráðstöfun útgjalda ríkisins til málefnasviða og umfjöllun um hvernig markmiðum áætlunarinnar verði náð. Áætlunin byggist á fjármálastefnu. |
| Opinber fjármál | Fjármál ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra, svo og sjóða og fyrirtækja sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga. |

# Fjárheimild ≠ fjárveiting

## Fjárheimild

- Heimild Alþingis, sem veitt er á fjárlögum og fjáraukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka
- Fjárheimild skiptist í rekstrarframlag, rekstrartilfærslu, fjármagnstilfærslu og fjárfestingarframlag
- Birtast í fjármálaáætlun og fjárlögum

## Fjárveiting

- Ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. Ráðherra tekur ákvörðun um fjárveitingar (háð samþykki þings)
- Fjárveiting greinist í rekstrarframlag, rekstrartilfærslu, fjármagnstilfærslu og fjárfestingarframlag
- Birtist í fylgiriti með fjárlögum

# Málefnasvið ≠ málaflokkar

## Málefnasvið

- Svið eðlisskyldra málaflokka sem skilgreint er á grunni staðals Sameinuðu þjóðanna um flokkun gjalda
- Málefnasvið eru 35 talsins

## Málaflokkar

- Flokkun eðlisskyldra stjórnmálefna sem falla undir tiltekið málefnasvið
- Málaflokkar eru 102 talsins

# Fjárlög og fylgirit

## Fjárlög

- Samkvæmt stjórnarskránni má ekki greiða neitt gjald úr ríkissjóði nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Með samþykkt fjárlaga hefur Alþingi staðfest skiptingu útgjaldaheimilda á komandi ári.

## Fylgirit fjárlaga

- Er lagt fram samhliða fjárlagafrumvarpi
- Sýnir skiptingu fjárheimilda til fjárveitingar til ríkisaðila í A-hluta og verkefna og í varasjóði málaflokka
- Fylgiritið sýnir auk þess samanburð fjárveitinga við ríkisreikning fyrir næstliðið ár, fjárveitingar yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstu tvö ár þar á eftir
- Innan tveggja vikna frá samþykkt fjárlaga skal ráðherra uppfæra fylgirit með frumvarpi til fjárlaga á grundvelli tillagna frá hlutaðeigandi ráðherra

# Aðrar upplýsingar

- Frumvarpið og allar tölur eru á verðlagi ársins 2020.
- Launa- og verðlagsþróun er tekin sérstaklega fyrir utan ramma.